# Framkvæmd fjárlaga árið 1997

Mars 1998

# Efnisyfirlit

**NIÐURSTÖÐUR** ........ **5**

**GREIÐSLUSTAÐA RÍKISSJÓÐS** ........ **7**

SAMANBURÐUR VIÐ ÁÆTLANIR ........ 7
SAMANBURÐUR VIÐ ÁRIÐ 1996........ 8

**AFKOMA RÍKISSJÓÐS** ........ **9**

**GJÖLD RÍKISSJÓÐS**........ **11**

SAMANBURÐUR VIÐ ÁRIÐ 1996........ 14

**TEKJUR RÍKISSJÓÐS** ........ **19**

SAMANBURÐUR VIÐ ÁÆTLANIR ........ 19
SAMANBURÐUR VIÐ ÁRIÐ 1996........ 20

**ÚTGJÖLD ALMANNATRYGGINGA** ........ **23**

**FRAMKVÆMD LÁNSFJÁRLAGA** ........ **27**

**ÁRSVERK OG LAUNAKOSTNAÐUR**........ **29**

ÁRSVERK........ 29
LAUNAÚTGJÖLD........ 30

**VIÐAUKI 1** ........ **31**

**VIÐAUKI 2** ........ **32**

# Töflur

Tafla 1. Lánsfjárþörf ríkissjóðs....7
Tafla 2. Fjárstreymi ríkissjóðs....8
Tafla 3. Afkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni....9
Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni....9
Tafla 5. Útgjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjárheimild....11
Tafla 6. Fluttar fjárheimildir hjá einstökum ráðuneytum....12
Tafla 7. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við áætlun....13
Tafla 8. Útgjöld ríkissjóðs 1996 og 1997 eftir tegund....15
Tafla 9. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár....16
Tafla 10. Tekjur ríkissjóðs í samanburði við áætlanir....19
Tafla 11. Tekjur ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár....21
Tafla 12. Tekjur ríkissjó ðs á föstu verðlagi....22
Tafla 13. Útgjöld vegna almannatrygginga 1996 og 1997....23
Tafla 14. Útgjöld vegna lífeyristrygginga 1996 og 1997....24
Tafla 15. Útgjöld vegna félagslegra bóta 1996 og 1997....24
Tafla 16. Útgjöld vegna sjúkratrygginga 1996 og 1997....25
Tafla 17. Útgjöld vegna slysatrygginga 1996 og 1997....25
Tafla 18. Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs....27
Tafla 19. Endurlán ríkissjóðs á grundvelli 3. gr. lánsfjárlaga....28
Tafla 20. Reiknuð ársverk hjá A-hluta ríkisstofnunum....29

## Niðurstöður

Á árinu 1997 varð um 1,2 milljarða króna afgangur af rekstri ríkissjóðs á greiðslugrunni. Gjöld námu alls 130,8 milljörðum króna, en tekjur 132,0 milljörðum. Til samanburðar varð um 12,0 milljarða króna halli á rekstri ríkissjóðs á árinu 1996.

Tveir þættir hafa veruleg áhrif á afkomusamanburð ríkissjóðs milli ára. Í fyrsta eru ákvarðanir fjármálaráðherra um sérstakar innlausnir spariskírteina á árunum 1996 og 1997 sem ekki var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga bæði árin. Í annan stað skulu nefnd áhrif af flutningi á rekstri grunnskólans frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna þann 1. ágúst 1996.

Ef áhrif beggja ofangreindra þátta eru dregin út batnaði afkoma ríkissjóðs um 7,2 milljarða króna milli áranna 1996 og 1997. Þessi afkomubati skapast alfarið af auknum tekjum vegna góðæris í þjóðarbúskapnum á síðasta ári.

Gjöld voru rúmum 4,6 milljörðum króna eða 3,6% hærri en fjárlög ársins 1997 kváðu á um. Með fjáraukalögum sem samþykkt voru um miðjan desember sl. voru útgjaldaheimildir auknar um samtals 7,5 milljarða króna, en þar af var um 1,1 milljarður króna vegna yfirfærslu ónýttra fjárheimilda frá árinu 1996. Heildarfjárheimild ársins var þannig 2,9 milljörðum króna hærri en raunveruleg útkoma ársins. Ef þessir 2,9 milljarðar króna eru skoðaðir nánar kemur í ljós að ónotaðar fjárheimildir ársins hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum og fjárlagaliðum námu um 4,2 milljörðum króna í árslok, en á móti voru umframgreiðslur stofnana að fjárhæð 1,3 milljarðar.

Ónotaðar fjárheimildir koma að verulegu leyti fram á ýmsum verkefnabundnum fjárlagaliðum. Þá voru m.a. fjárheimildir vegna vaxtagjalda ofáætlaðar um tæpar 600 milljónir króna sem að mati Ríkisendurskoðunar er óskiljanlegt í ljósi þess að fjáraukalög voru samþykkt undir lok fjárlagaársins. Ónotaðar fjárheimildir hafa líklega aldrei verið meiri en nú. Ríkisendurskoðun telur að núllstilla eigi þá verkefnabundnu fjárlagaliði sem hér um ræðir í fjáraukalögum og áætla nýja fjárheimild á þá í fjárlögum næsta árs ef þurfa þykir. Benda má á í þessu sambandi að sumir

þessara verkefnabundnu fjárlagaliða hafa verið með umtalsverðar ónýttar fjárheimildir ár eftir ár. Stofnunin telur enn fremur umhugsunarefni að verið sé að veita aukafjárveitingar á fjárlagaliði sem eiga ónotaðar fjárheimildir í árslok. Þetta átti við um alls 47 fjárlagaliði á síðasta ári.

Gjöld jukust um 2,6 milljarða króna eða 2,1% milli áranna 1996 og 1997 án áhrifa af sérstökum innlausnum spariskírteina og flutningi grunnskólans. Að raungildi lækkuðu gjöld lítillega. Þessa raunlækkun má aðallega rekja til minni greiðslna á vaxtagjöldum. Breytingar í öðrum útgjalda- og tilfærsluliðum ríkissjóðs voru óverulegar milli ára.

Tekjur ríkissjóðs voru tæpum 5,8 milljörðum króna eða 4,6% meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í fjáraukalögum fyrir árið 1997 var tekjuhlið ríkissjóðs hækkuð um 5,6 milljarða króna vegna meiri kaupmáttar og veltubreytinga en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Milli áranna 1996 og 1997 jukust tekjur um 9,9 milljarða króna eða 8,1% að teknu tilliti til tekjuáhrifa vegna flutnings grunnskólans. Að raungildi jukust tekjur um 7,6 milljarða eða 6,1%. Þessi frávik eiga að langstærstum hluta rætur að rekja til tekjuskatta einstaklinga, tryggingagjalds og virðisaukaskatts.

Verg fjárþörf A-hluta ríkissjóðs nam 32,3 milljörðum króna á síðasta ári. Til að mæta þessari fjárþörf þurfti ríkissjóður m.a. að taka að láni 22,5 milljarða króna, en að langstærstum hluta var þessa fjár aflað á innlendum fjármagnsmarkaði. Um 7,3 milljarðar króna voru þó í reynd skuldbreytingar vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina eins og áður hefur verið minnst á. Engu að síður er ljóst að ríkissjóður er enn mjög umsvifamikill á innlendum fjármagnsmarkaði. Þessi staðreynd er fyrst og fremst afleiðing þráláts hallareksturs á ríkissjóði undanfarin ár og skuldasöfnunar í kjölfarið sem kallað hefur á sífellt meiri greiðslur afborgana og vaxta af lánum.

Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga námu 30,0 milljörðum króna á árinu 1997. Að teknu tilliti til breytts greiðslufyrirkomulags vegna rannsóknarkostnaðar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva jukust greiðslur almannatrygginga um 224 milljónir króna eða 0,7% að raungildi.

Ársverkafjöldi hjá þeim stofnunum sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launagreiðslur fyrir var því sem næst óbreyttur milli ára að teknu tilliti til áhrifa af flutningi grunnskólans frá ríki fyrir til sveitarfélaga. Launakostnaður jókst óverulega á föstu verðlagi.

## Greiðslustaða ríkissjóðs

Verg fjárþörf A-hluta ríkissjóðs nam 32,3 milljörðum króna á árinu 1997. Af þeirri fjárþörf voru um 22,1 milljarður króna vegna afborgana og um 8,9 milljarðar vegna nýrra lánveitinga. Þá voru samtals um 1,3 milljarðar króna vegna stofnfjárframlaga og viðskiptareikninga.

Fjárþörf var mætt með lántökum innanlands að fjárhæð um 21,2 milljarðar króna og erlendum lántökum að fjárhæð um 1,3 milljarðar króna. Hlutfall innlendrar lántöku var því um 94,1% á árinu. Innheimtar afborganir af veittum lánum námu alls um 8,3 milljörðum króna. Þá varð um 1,2 milljarða króna afgangur af rekstri ríkissjóðs á greiðslugrunni. Handbært fé minnkaði um 225 milljónir króna.

***Tafla 1. Lánsfjárþörf ríkissjóðs***

| | Greitt 1997 | Fjárheim. 1997 | Fjárlög 1997 | Greitt 1996 |
|---|---|---|---|---|
| Lánsfjárþörf (brúttó) | 32.310 | 30.627 | 21.030 | 50.311 |
| -Afborganir veittra lána | 8.349 | 8.125 | 8.460 | 8.275 |
| -Rekstrarafgangur | 1.236 | 0 | 124 | 0 |
| Heildarlánsfjárþörf | 22.725 | 22.502 | 12.446 | 10.056 |
| -Afborganir tekinna lána | 22.099 | 18.829 | 14.240 | 29.329 |
| Hrein lánsfjárþörf | 626 | 3.673 | (1.794) | 5.467 |

Hrein lánsfjárþörf, þ.e. verg fjárþörf að frádregnum afborgunum vegna veittra og tekinna lána ríkissjóðs, nam 626 milljónum króna eins og fram kemur í ofangreindri töflu.

## Samanburður við áætlanir

Í fjárlögum fyrir árið 1997 var verg lánsfjárþörf áætluð um 21,0 milljarður króna. Niðurstaðan var sem áður segir um 32,3 milljarðar króna eða um 11,3 milljörðum króna hærri fjárhæð. Um 7,9 milljarða króna af þessu fráviki má rekja til afborgana af teknum lánum, en þar af eru um 3,7 milljarðar vegna sérstakrar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs með

uppsagnarákvæðum sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um á síðasta ári. Þá voru veitt lán fyrir um 2,9 milljarða króna umfram það sem fjárlögin áætluðu, en það skýrist að stærstum hluta af lánveitingu til Byggingasjóðs ríkisins sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Að lokum var staða á viðskiptareikningum nokkuð verri en ráð hafði verið fyrir gert.

Í fjáraukalögum fyrir árið 1997 sem samþykkt voru í desember sl. jókst verg fjárþörf ríkissjóðs um 9,6 milljarða króna frá fjárlögum, þ.e. úr 21,0 milljarði í 30,6 milljarða króna. Raunveruleg útkoma varð um 32,3 milljarðar króna eins og áður segir eða um 1,7 milljörðum hærri. Um helming af þessu fráviki má rekja til viðskiptareikninga ríkissjóðs.

***Tafla 2. Fjárstreymi ríkissjóðs***

| | Reikn. 1997 | Fjárh. 1997 | Frávik | Reikn. 1996 | Frávik 97-96 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Uppruni:** | | | | | |
| Lántökur | | | | | |
| Spariskírteini | 18.536 | 13.900 | 4.636 | 20.155 | (1.619) |
| Ríkisbréf | 2.656 | 1.630 | 1.026 | 5.264 | (2.608) |
| Önnur innlend fjáröflun | 2 | 0 | 2 | 195 | (193) |
| Erlendar lántökur | 1.305 | 5.870 | (4.565) | 16.470 | (15.165) |
| Lántökur alls | 22.499 | 21.400 | 1.099 | 42.084 | (19.585) |
| Afborganir veittra lána | 8.349 | 8.125 | 224 | 8.275 | 74 |
| Frá rekstri | 1.236 | 0 | 1.236 | | 1.236 |
| Uppruni alls | 32.084 | 29.525 | 2.559 | 50.359 | (18.275) |
| **Ráðstöfun:** | | | | | |
| Til rekstrar | 0 | 1.848 | (1.848) | 11.994 | (11.994) |
| Afborganir tekinna lána | 22.099 | 18.829 | 3.270 | 29.329 | (7.230) |
| Veitt lán | 8.879 | 9.400 | (521) | 8.234 | 645 |
| Hlutafjárfr. og stofnfé | 83 | 150 | (67) | 208 | (125) |
| Viðskiptareikn (neikv.) | 1.249 | 400 | 849 | 546 | 703 |
| Ráðstöfun alls | 32.310 | 30.627 | 1.683 | 50.311 | (18.001) |
| Breyting á handbæru fé | (225) | (1.102) | 876 | 48 | (274) |

## Samanburður við árið 1996

Verg fjárþörf nam um 50,3 milljörðum króna á árinu 1996. Er það um 18,0 milljörðum króna meiri fjárþörf en á síðasta ári. Um 10,0 milljarða króna af framangreindu fráviki má rekja til sérstakra innlausna spariskírteina ríkissjóðs á árunum 1996 og 1997. Það frávik sem eftir stendur kemur aðallega fram í bættri afkomu ríkissjóðs vegna uppsveiflu í efnahagslífi og minni greiðslum afborgana af teknum lánum.

Lántökur minnkuðu alls um tæpa 19,6 milljarða króna, eða úr 42,1 milljarði króna á árinu 1996 í um 22,5 milljarða króna á síðasta ári.

## Afkoma ríkissjóðs

Gjöld ríkissjóðs námu alls um 130,8 milljörðum króna á árinu 1997 samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi. Tekjur ríkissjóðs námu 132,0 milljörðum króna á sama tíma. Þannig varð um 1,2 milljarða króna afgangur af rekstri ríkissjóðs á greiðslugrunni.

***Tafla 3. Afkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni***

| | Greitt 1997 | Heimild 1997 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 131.990 | 131.781 | 209 | 0,2 |
| Gjöld | 130.753 | 133.629 | (2.876) | (2,2) |
| | 1.237 | (1.848) | 3.085 | (166,9) |

Gjöld ríkissjóðs lækkuðu um tæpa 9,0 milljarða króna eða 6,4% milli ára. Ef hins vegar er tekið tillit til áhrifa af sérstökum innlausnum spariskírteina á árunum 1996 og 1997 og flutningi á rekstri grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga þann 1. ágúst 1996 hafa gjöld aukist um 2,6 milljarða eða sem nemur 2,1%.

Tekjur ríkissjóðs jukust um tæpa 4,3 milljarða króna eða sem nemur 3,3%. Ef hins vegar er tekið tillit til yfirfærslu á hluta af tekjuskatti ríkisins yfir í útsvar vegna flutnings grunnskólans hafa tekjur aukist um ríflega 9,9 milljarða króna eða 8,1%.

Að teknu tilliti til innlausna spariskírteina og flutnings á rekstri grunnskólans batnaði afkoma ríkissjóðs um 7,2 milljarða króna milli ára. Sá afkomubati skapast alfarið af auknum tekjum vegna efnahagsuppsveiflu.

***Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs á greiðslugrunni***

| | Greitt 1997 | Greitt 1996 | Breyt. | % | Framr. 1996 | Raun-breyt. | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 131.990 | 127.735 | 4.255 | 3,3 | 129.962 | 2.028 | 1,6 |
| Gjöld | 130.753 | 139.730 | (8.977) | (6,4) | 143.676 | (12.923) | (9,0) |
| | 1.237 | (11.995) | 13.232 | (110,3) | (13.714) | 14.951 | (109,0) |

# Gjöld ríkissjóðs

Útgjaldaheimildir skv. fjárlögum ársins 1997 námu alls 126,1 milljarði króna. Með fjáraukalögum sem samþykkt voru í desember sl. voru útgjaldaheimildir ráðuneytanna auknar um samtals 7,5 milljarða króna eða um 5,9%. Þar af voru um 6,4 milljarðar króna vegna aukafjárveitinga og um 1,1 milljarður vegna yfirfærslu ónýttra fjárheimilda og umframgjalda frá árinu 1996. Fjárheimild ársins nam því alls um 133,6 milljörðum króna.

Útgjöld ríkissjóðs námu eins og áður hefur komið fram um 130,8 milljörðum króna. Gjöld voru þannig um 2,9 milljörðum króna lægri en fjárheimildir ársins.

***Tafla 5. Útgjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjárheimild***

| | Útkoma 1997 | Fjárlög 1997 | Flutt frá fyrra ári | Auka-fjárveit. | Milli-færslur[1] | Fjárh. 1997 | Útkoma - fjárh. | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 1.464 | 1.421 | 8 | 57 | 11 | 1.497 | (33) | (2,2) |
| Forsætisráðuneyti | 648 | 574 | 37 | 92 | 30 | 733 | (85) | (11,6) |
| Menntamálaráðuneyti | 15.481 | 14.942 | 329 | 162 | 238 | 15.671 | (190) | (1,2) |
| Utanríkisráðuneyti | 2.497 | 2.078 | 185 | 493 | 19 | 2.775 | (278) | (10,0) |
| Landbúnaðarráðuneyti | 7.099 | 6.999 | (167) | 230 | 20 | 7.082 | 18 | 0,2 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 1.187 | 1.224 | 64 | 0 | 21 | 1.310 | (123) | (9,4) |
| Dóms- og kirkjum.rn. | 6.638 | 6.387 | 28 | 51 | 161 | 6.627 | 11 | 0,2 |
| Félagsmálaráðuneyti | 9.343 | 9.331 | 114 | 255 | 32 | 9.732 | (389) | (4,0) |
| Heilbr- og trygg.m.rn. | 54.533 | 52.680 | 33 | 1.982 | 171 | 54.865 | (333) | (0,6) |
| Fjármálaráðuneyti | 20.135 | 19.241 | 333 | 2.492 | (841) | 21.224 | (1.089) | (5,1) |
| Samgönguráðuneyti | 8.884 | 8.718 | 75 | 384 | 27 | 9.205 | (321) | (3,5) |
| Iðnaðarráðuneyti | 1.259 | 1.139 | 38 | 107 | 26 | 1.310 | (52) | (3,9) |
| Viðskiptaráðuneyti | 322 | 197 | (7) | 53 | 68 | 310 | 12 | 3,9 |
| Hagstofa Íslands | 167 | 154 | 4 | 4 | 0 | 163 | 4 | 2,2 |
| Umhverfisráðuneyti | 1.097 | 1.017 | (1) | 95 | 16 | 1.127 | (29) | (2,6) |
| | 130.753 | 126.100 | 1.074 | 6.456 | (0) | 133.629 | (2.876) | (2,2) |

[1] Millifærslur vegna launabóta, rekstarbóta, ráðstöfunarliðs ríkisstjórnar o.fl.

Af fimmtán ráðuneytum fóru tólf þeirra fram úr fjárheimildum ársins eins og þær voru ákveðnar í fjárlögum að viðbættum flutningi fjárheimilda frá árinu 1996 og að teknu tilliti til millifærslna. Umframgjöld námu alls um

3,6 milljörðum króna nettó. Um 1,6 milljarða króna af þessu fráviki má rekja til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Skýringin á þessu felst fyrst og fremst í umframgjöldum almannatryggingakerfisins og stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu eins og svo mörg undanfarin ár. Þá má rekja um 1,4 milljarða króna til fjármálaráðuneytis, en það skýrist af sérstakri innlausn á spariskírteinum.

Alls voru fluttar fjárheimildir að upphæð 1.074 milljónir króna frá árinu 1996 yfir á árið 1997. Vegna stofnkostnaðar voru fluttar um 715 milljónir króna og um 478 milljónir vegna tilfærslna. Á hinn bóginn voru fjárheimildir vegna rekstrar lækkaðar um 120 milljónir króna nettó. Tilflutningur fjárheimilda hjá einstökum ráðuneytum var með eftirfarandi hætti:

***Tafla 6. Fluttar fjárheimildir hjá einstökum ráðuneytum***

| | Rekstur nettó | Tilfærslur | Stofnkostn. | Flutt alls |
|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 8.939 | 0 | (813) | 8.126 |
| Forsætisráðuneyti | 4.331 | 6.526 | 26.091 | 36.948 |
| Menntamálaráðuneyti | (102.111) | 139.897 | 290.794 | 328.580 |
| Utanríkisráðuneyti | (17.742) | 200.270 | 2.746 | 185.274 |
| Landbúnaðarráðuneyti | (12.569) | (130.542) | (23.800) | (166.911) |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 27.797 | 12.029 | 24.500 | 64.326 |
| Dóms- og kirkjum.rn. | 29.497 | 6.646 | (7.923) | 28.220 |
| Félagsmálaráðuneyti | 22.581 | 69.259 | 22.397 | 114.237 |
| Heilbrigðis- og trygg.m.rn. | (179.446) | 13.019 | 199.768 | 33.341 |
| Fjármálaráðuneyti | 93.581 | 68.504 | 170.504 | 332.589 |
| Samgönguráðuneyti | 13.398 | 70.958 | (9.504) | 74.852 |
| Iðnaðarráðuneyti | 13.247 | 20.928 | 1.500 | 35.675 |
| Viðskiptaráðuneyti | (4.327) | (670) | 0 | (4.997) |
| Hagstofa Íslands | 10.524 | 1.300 | (7.811) | 4.013 |
| Umhverfisráðuneyti | (27.837) | 371 | 26.769 | (697) |
| | (120.137) | 478.495 | 715.218 | 1.073.576 |

Fluttur stofnkostnaður hjá menntamálaráðuneyti að fjárhæð um 291 milljón króna er að stærstum hluta vegna viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla og menningarstofnana. Hjá utanríkisráðuneyti eru tilfærslur aðallega vegna ýmissar þróunaraðstoðar og hjálparstarfs. Að lokum má geta þess að fluttan stofnkostnað hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti má að mestu leyti rekja til ríkisspítala vegna reikninga sem greiddir voru rétt eftir áramótin 1996/1997.

Í árslok 1997 voru ónotaðar fjárheimildir og umframgjöld sem hér greinir:

***Tafla 7. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við áætlun***

| | Útkoma 1997 | Fjárheimild 1997 | Mism. | Ónotuð framlög | Umfram greitt |
|---|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 1.464 | 1.497 | (33) | (45) | 12 |
| Forsætisráðuneyti | 648 | 733 | (85) | (86) | 1 |
| Menntamálaráðuneyti | 15.481 | 15.671 | (190) | (640) | 450 |
| Utanríkisráðuneyti | 2.497 | 2.775 | (278) | (295) | 18 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 7.099 | 7.082 | 18 | (65) | 83 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 1.187 | 1.310 | (123) | (123) | 0 |
| Dóms- og kirkjum.rn. | 6.638 | 6.627 | 11 | (226) | 238 |
| Félagsmálaráðuneyti | 9.343 | 9.732 | (389) | (452) | 63 |
| Heilbrigðis- og trygg.m.rn. | 54.533 | 54.865 | (333) | (657) | 325 |
| Fjármálaráðuneyti | 20.135 | 21.224 | (1.089) | (1.138) | 49 |
| Samgönguráðuneyti | 8.884 | 9.205 | (321) | (346) | 26 |
| Iðnaðarráðuneyti | 1.259 | 1.310 | (52) | (61) | 9 |
| Viðskiptaráðuneyti | 322 | 310 | 12 | (2) | 14 |
| Hagstofa Íslands | 167 | 163 | 4 | (1) | 5 |
| Umhverfisráðuneyti | 1.097 | 1.127 | (29) | (81) | 51 |
| | 130.753 | 133.629 | (2.876) | (4.220) | 1.344 |

Eins og sést í töflunni námu ónotaðar fjárheimildir alls um 4,2 milljörðum króna. Hér er um að ræða talsvert hærri fjárhæð en á árinu 1996, en þá nam samsvarandi upphæð um 2,7 milljörðum króna. Tæplega 70% ónýttra fjárheimilda eru hjá fjórum ráðuneytum þ.e. fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Hjá fyrstnefnda ráðuneytinu er aðallega um að ræða ofáætluð vaxtagjöld ríkissjóðs að fjárhæð tæplega 600 milljónir króna. Þá var nánast ekkert greitt vegna ríkisábyrgða- og tjónabóta, en fjárheimild á liðnum nam um 230 milljónum króna. Hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti koma ónýttar fjárheimildir aðallega fram hjá lífeyristryggingum, Eftirlaunasjóði aldraðra og safnliðnum „sjúkrahús, óskipt“. Ónýttar fjárheimildir í menntamálaráðuneyti eru aðallega vegna viðhalds- og stofnkostnaðar framhaldsskóla, viðhalds- og stofnkostnaðar menningarstofnana og listasjóða. Ónýttar fjárheimildir hjá félagsmálaráðuneyti koma fram hjá Ábyrgðasjóði launa, Brunamálastofnun ríkisins og á ýmsum verkefnabundnum liðum.

Talsvert hefur borið á því undanfarin ár að fjárlagaliðir sem áttu ónotaðar fjárheimildir í árslok hafi fengið aukafjárveitingar í fjáraukalögum. Þetta átti t.d. við um 47 fjárlagaliði á árinu 1997. Þessar fjárheimildir er síðan iðulega fluttar yfir á næsta fjárlagaár. Að mati Ríkisendurskoðunar á að taka tillit til fjárveitinga af þessu tagi við fjárlagagerð ársins, en ekki í fjáraukalögum sem yfirleitt eru samþykkt um svipað leyti og fjárlögin.

Alls 189 fjárlagaliðir af ríflega 500 fóru fram úr fjárheimildum á árinu 1997 og nam heildarupphæð þessara umframgjalda um 1,3 milljörðum króna. Þetta er mjög svipuð niðurstaða og verið hefur á síðustu árum.

Í viðauka 1 er birt yfirlit yfir fjárlagaliði sem voru 7 milljónir króna eða meira yfir fjárheimildum ársins, en fjöldi þeirra var alls 49 á síðasta ári. Í viðauka 2 er með sama hætti birt yfirlit yfir fjárlagaliði sem höfðu ónýttar fjárheimildir í árslok að fjárhæð 7 milljónir króna eða meira. Alls 82 fjárlagaliðir féllu undir þessa skilgreiningu.

### *Vaxtagjöld*

Skv. fjárlögum voru vaxtagjöld ríkissjóðs áætluð um 13,6 milljarðar króna á árinu 1997. Vaxtagjöldin urðu í reynd um 12,4 milljarðar króna án áhrifa af sérstakri innlausn spariskírteina. Þetta ofmat á vaxtagjöldunum í fjárlögum leiðir til þess að afkoma ríkissjóðs er um 1,2 milljörðum króna hagstæðari en ella í samanburði við þau. Ljóst er að hér er um háar fjárhæðir að ræða sem hafa umtalsverð áhrif á afkomusamanburð ríkissjóðs á fjárlagaárinu. Ríkisendurskoðun telur að áætlanagerð varðandi þennan rekstrarþátt verði að vera eins vönduð og kostur er þannig að tryggt sé að fjárlögin gefi sem réttasta mynd af áætluðum útgjöldum ríkissjóðs frá einu ári til annars.

Í fjáraukalögum, sem samþykkt voru á Alþingi um miðjan desember sl., voru fjárheimildir vegna vaxtagjalda auknar um rétt liðlega 3,5 milljarða króna vegna sérstakrar spariskírteinainnlausnar og endurskipulagningar á flokkum ríkisverðbréfa. Á móti voru önnur vaxtagjöld lækkuð um 500 milljónir króna. Endanleg útkoma ársins sýnir að framangreind aukning fjárheimilda var um 600 milljónum króna meiri en þörf var á. Ríkisendurskoðun telur að við afgreiðslu fjáraukalaganna í desember hafi legið fyrir allar forsendur í fjármálaráðuneytinu til að hægt væri að áætla með vaxtagjöld ársins með nákvæmni. Þau frávik sem hér hafa verið rakin verða að teljast með öllu óskiljanleg.

## Samanburður við árið 1996

Á árinu 1996 námu útgjöld ríkissjóðs alls 139,7 milljörðum króna samanborið við 130,8 milljarða á síðasta ári. Útgjöld lækkuðu þannig um 8,9 milljarða króna milli ára eða sem nemur 6,4%. Ef sérstakar innlausnir á spariskírteinum ríkissjóðs á árunum 1996 og 1997 eru undanskildar ásamt

áhrifum af flutningi grunnskólans hafa gjöld aukist um 2,6 milljarða króna eða sem nemur 2,1%.

***Tafla 8. Útgjöld ríkissjóðs 1996 og 1997 eftir tegund***

| | Greitt 1997 | Greitt 1996 | Breyt. | % | Framr. 1996 | Raun-Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laun | 30.957 | 32.648 | (1.691) | (5,2) | 34.173 | (3.216) | (9,4) |
| Rekstur | 31.057 | 29.479 | 1.578 | 5,4 | 30.012 | 1.045 | 3,5 |
| Tilfærslur | 22.255 | 24.256 | (2.001) | (8,2) | 23.942 | (1.687) | (7,0) |
| Almannatryggingar | 29.960 | 29.209 | 751 | 2,6 | 30.669 | (709) | (2,3) |
| Vaxtagjöld | 15.978 | 23.832 | (7.854) | (33,0) | 23.999 | (8.021) | (33,4) |
| Eignakaup | 3.024 | 2.618 | 406 | 15,5 | 2.665 | 359 | 13,5 |
| | 133.231 | 142.042 | (8.811) | (6,2) | 145.460 | (12.229) | (8,4) |
| Sértekjur | 2.478 | 2.312 | 166 | 7,2 | 2.437 | 41 | 1,7 |
| | 130.753 | 139.730 | (8.977) | (6,4) | 143.022 | (12.269) | (8,6) |

Skýringar á frávikum einstakra gjaldaliða eru sem hér segir:

- Launagjöld A-hluta ríkissjóðs jukust um 146 milljónir króna eða 0,5% að raungildi milli ára að teknu tilliti til áhrifa af flutningi á rekstri grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga sem metin eru á tæpa 3,4 milljarða króna á verðlagi 1997. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam vegið meðaltal launabreytinga ríkisstarfsmanna milli áranna 1997 og 1996 um 4,7%.

- Almenn rekstrarútgjöld án launakostnaðar jukust um rétt liðlega 1,0 milljarð króna eða 3,5%.

- Tilfærslur lækkuðu að raungildi um 1,7 milljarða króna eða 7,0%. Um 1,5 milljarðar króna af þessari lækkun má rekja til flutnings grunnskólans. Að teknu tilliti til þessa lækkuðu tilfærslur um 200 milljónir króna eða 1,0% að raungildi.

- Greiðslur almannatrygginga lækkuðu um rúmar 700 milljónir króna á föstu verðlagi eða sem nemur 2,3%. Þessi lækkun kemur alfarið fram hjá sjúkratryggingum, en við aðra umræðu fjárlaga voru 970 miljónir króna færðar af fjárheimild sjúkratrygginga á nýjan lið „verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva“ vegna tilgreindra kostnaðarliða sem sjúkrahúsin fengu áður endurgreidda hjá Tryggingastofnun ríkisins. Að teknu tilliti til þessa hafa greiðslur almannatrygginga hækkað um 261 milljón króna eða sem nemur 0,9%.

- Vaxtagjöld lækkuðu um rúmlega 1,4 milljarða króna eða 10,5% að teknu tilliti til sérstakra innlausna spariskírteina á árunum 1996 og 1997. Innlend vaxtagjöld lækkuðu um 1,0 milljarð króna að raungildi og erlend vaxtagjöld um tæpar 400 milljónir króna.

- Eignakaup jukust um 359 milljónir króna eða sem nemur 28,2%. Þessa aukningu má aðallega rekja til kaupa á leigurétti vegna sendiherrabústaðarins í London og til meiri stofnkostnaðar hjá Framkvæmdasjóði aldraðra.

Útgjöld ráðuneyta breyttust með eftirfarandi hætti milli áranna 1996 og 1997:

***Tafla 9. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár***

| | Útkoma 1997 | Útkoma 1996 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 1.464 | 1.509 | (45) | (3,0) |
| Forsætisráðuneyti | 648 | 788 | (140) | (17,7) |
| Menntamálaráðuneyti | 15.481 | 19.702 | (4.221) | (21,4) |
| Utanríkisráðuneyti | 2.497 | 1.992 | 505 | 25,4 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 7.099 | 7.304 | (205) | (2,8) |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 1.187 | 1.267 | (80) | (6,3) |
| Dóms- og kirkjum.rn. | 6.638 | 6.344 | 294 | 4,6 |
| Félagsmálaráðuneyti | 9.343 | 9.338 | 5 | 0,1 |
| Heilbrigðis- og trygg.m.rn. | 54.533 | 51.738 | 2.795 | 5,4 |
| Fjármálaráðuneyti | 20.135 | 28.410 | (8.275) | (29,1) |
| Samgönguráðuneyti | 8.884 | 8.806 | 78 | 0,9 |
| Iðnaðarráðuneyti | 1.259 | 1.174 | 85 | 7,2 |
| Viðskiptaráðuneyti | 322 | 207 | 115 | 55,6 |
| Hagstofa Íslands | 167 | 162 | 5 | 2,8 |
| Umhverfisráðuneyti | 1.097 | 991 | 106 | 10,7 |
| | 130.753 | 139.730 | (8.977) | (6,4) |

Greiðslur æðstu stjórnar ríkisins lækkuðu um tæpar 53 milljónir króna eða 3,5%. Kemur þessi lækkun aðallega fram hjá embætti forseta Íslands vegna framkvæmda við nýja forsetaskrifstofu á árinu 1996.

Greiðslur forsætisráðuneytisins lækkuðu um 144 milljónir króna eða 18,2%. Framlög til Byggðastofnunar lækkuðu um 223 milljónir króna. Á hinn bóginn áttu sér stað um 86 milljóna króna greiðslur vegna endurnýjunar á Stjórnarráðshúsi.

Greiðslur menntamálaráðuneytisins lækkuðu um 4,4 milljarða króna eða 22,3%. Greiðsluáhrif vegna flutnings grunnskólans frá ríkinu yfir til sveitarfélaga síðla árs 1996 námu um 5,1 milljarði króna nettó til lækkunar

á greiðslum. Á hinn bóginn jukust m.a. greiðslur Háskóla Íslands um 191 milljón króna milli ára, tilfærslur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkuðu um 148 milljónir auk fleiri þátta.

Greiðslur utanríkisráðuneytisins jukust um 282 milljónir króna eða sem nemur 12,7%. Skýringin felst aðallega í endurbyggingu á sendiherra-bústaðnum í Washington og langtímaleigusamningi vegna bústaðs sendi-herrans í London.

Greiðslur landbúnaðarráðuneytisins lækkuðu um tæpa 71 milljón króna eða 1,0%. Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu lækkuðu um 438 milljónir króna. Á hinn bóginn jukust tilfærslur vegna Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins um 100 milljónir króna, greiðslur vegna mjólkurframleiðslu jukust um 78 milljónir og til sérstaks átaks í landgræðslu og skógrækt var varið tæpum 70 milljónum, en hér er um nýjan fjárlagalið að ræða. Þá hækkuðu m.a. tilfærslur til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 64 milljónir króna auk fleiri þátta.

Greiðslur sjávarútvegsráðuneytisins lækkuðu um 148 milljónir króna eða 11,1%. Þetta frávik skýrist aðallega af því að greiðslur Fiskistofu lækkuðu um 78 milljónir króna, en á fyrri hluta ársins 1996 greiddi ríkissjóður kostnað af veiðieftirliti á Flæmingjagrunni. Þá lækkuðu m.a. greiðslur af liðnum „ýmis verkefni“ um 49 milljónir króna.

Greiðslur dóms- og kirkjumálaráðuneytis jukust um 235 milljónir króna eða 3,7%. Hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík jukust greiðslur um 165 milljónir króna m.a. vegna skipulagsbreytinga og greiðslur Ríkis-lögreglustjóra námu um 83 milljónum, en hér er um nýtt embætti að ræða. Þá jukust m.a. greiðslur sýslumanna um 200 milljónir króna. Á hinn bóginn lækkuðu greiðslur vegna húsnæðis og búnaðar sýslumanna um 146 milljónir króna, aðallega vegna framkvæmdaloka við dómhús Hæstaréttar, og greiðslur Rannsóknarlögreglu ríkisins lækkuðu um 71 milljón vegna skipulagsbreytinga.

Greiðslur félagsmálaráðuneytisins lækkuðu um 150 milljónir króna eða 1,6%. Nokkrar breytingar urðu hjá einstökum fjárlagaliðum ráðuneytisins milli ára. Þannig jukust tilfærslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 518 milljónir króna vegna aukinnar innheimtu skatttekna og sérstaks framlags í tengslum við grunnskólabyggingar. Þá jukust framlög til svæðisskrifstofa fatlaðra um 276 milljónir króna. Á hinn bóginn lækkuðu framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 263 milljónir króna, framlög til Atvinnu-leysistryggingasjóðs lækkuðu um 180 milljónir og framlög til Bygginga-

sjóðs verkamanna lækkuðu um 169 milljónir. Þá lækkuðu m.a. tilfærslur til Ábyrgðasjóðs launa um 135 milljónir króna og greiðslur vegna fjárlagaliðarins „vinnumál“ lækkuðu um 116 milljónir króna m.a. vegna fjármögnunar Atvinnuleysistryggingasjóðs á verkefnum sem áður voru greidd af þessum lið.

Greiðslur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins jukust um tæpa 2,7 milljarða króna eða sem nemur 5,2%. Greiðslur almannatrygginga jukust um 617 milljónir króna. Þá jukust m.a. greiðslur Sjúkrahúss Reykjavíkur, Ríkisspítala og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um samanlagt 1.340 milljónir króna.

Greiðslur fjármálaráðuneytisins lækkuðu um tæpa 8,9 milljarða króna. Um 6,5 milljarða króna af þessari fjárhæð má rekja til sérstakra innlausna spariskírteina á árunum 1996 og 1997 og um 1,4 milljarða króna til annarra vaxtagjalda. Þá lækkuðu m.a. greiðslur vegna lífeyrisuppbóta um 355 milljónir króna, greiðslur vegna fjárlagaliðarins „ýmis verkefni“ voru tæpum 300 milljónum króna lægri en á árinu 1996 vegna sérstakra framlaga í tengslum við snjóflóð árið 1996 og greiðslur vegna ríkisábyrgða og tjónabóta lækkuðu um 167 milljónir.

Greiðslur samgönguráðuneytisins voru því sem næst óbreyttar milli ára.

Greiðslur iðnaðarráðuneytisins jukust um 53 milljónir króna eða 4,4%. Þetta frávik á sér aðallega stað í framlögum vegna iðnaðar og iðnaðarrannsókna.

Greiðslur viðskiptaráðuneytisins jukust um 120 milljónir króna eða sem nemur 59,7%. Þessa aukningu má að nær öllu leyti rekja til Löggildingarstofnunnar m.a. í tengslum við sameiningu hennar og Rafmagnseftirlits ríkisins.

Greiðslur umhverfisráðuneytisins jukust um 107 milljónir króna eða sem nemur 10,8%. Greiðslur Veðurstofunnar jukust um 29 milljónir króna og greiðslur Náttúrufræðistofnunar Íslands um 35 milljónir. Þá kom inn nýr fjárlagaliður „spilliefnasjóður“, en greiðslur af honum námu 36 milljónum króna.

# Tekjur ríkissjóðs

## Samanburður við áætlanir

Tekjur ríkissjóðs námu alls 132,0 milljörðum króna á árinu 1997. Samkvæmt fjárlögum 1997 voru tekjurnar áætlaðar 126,2 milljarðar eða um tæpum 5,8 milljörðum lægri en raun varð á. Með fjáraukalögum fyrir árið 1997 sem samþykkt voru á Alþingi í desember sl. var tekjuhlið ríkissjóðs hækkuð um tæpa 5,6 milljarða króna og nam heildartekjuáætlun ársins því samtals um 131,8 milljörðum króna.

***Tafla 10. Tekjur ríkissjóðs í samanburði við áætlanir***

| | Fjárlög | Fjárauka-lög | Samtals | Innheimt | Útkoma - fjárh. | Frávik % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tekjuskattur einstaklinga | 16.775 | 1.058 | 17.833 | 18.149 | 316 | 1,8 |
| Tekjuskattur lögaðila | 4.550 | 350 | 4.900 | 4.752 | (148) | (3,0) |
| Eignarskattar einstaklinga | 1.625 | 3 | 1.628 | 1.637 | 9 | 0,6 |
| Eignarskattar lögaðila | 1.710 | 181 | 1.891 | 2.027 | 136 | 7,2 |
| Aðrir beinir skattar | 420 | 60 | 480 | 479 | (1) | (0,3) |
| Beinir skattar | 25.080 | 1.652 | 26.732 | 27.043 | 311 | 1,2 |
| Innflutnings og vörugjöld | 14.254 | 1.142 | 15.396 | 15.151 | (245) | (1,6) |
| Virðisaukaskattur | 48.550 | 1.049 | 49.599 | 49.720 | 121 | 0,2 |
| Skattar af einkasöluvörum | 7.108 | (100) | 7.008 | 6.945 | (63) | (0,9) |
| Bifreiðaskattar | 4.635 | 461 | 5.096 | 5.124 | 28 | 0,6 |
| Þinglýsingar- og stimpilgjöld | 2.595 | 126 | 2.721 | 2.752 | 31 | 1,2 |
| Tryggingagjald | 14.185 | 610 | 14.795 | 14.786 | (9) | (0,1) |
| Aðrir óbeinir skattar | 1.492 | (24) | 1.468 | 1.371 | (98) | (6,6) |
| Óbeinir skattar | 92.819 | 3.264 | 96.083 | 95.850 | (233) | (0,2) |
| Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur | 5.175 | (323) | 4.852 | 4.838 | (15) | (0,3) |
| Arðgreiðslur | 2.425 | 764 | 3.189 | 3.159 | (30) | (1,0) |
| Fjármunatekjur alls | 7.600 | 441 | 8.041 | 7.996 | (45) | (0,6) |
| Sala eigna | 350 | 200 | 550 | 619 | 69 | 12,5 |
| Ýmsar tekjur | 375 | 0 | 375 | 481 | 106 | 28,4 |
| Aðrar tekjur | 725 | 200 | 925 | 1.100 | 175 | 18,9 |
| Tekjur samtals | 126.224 | 5.557 | 131.781 | 131.989 | 208 | 0,2 |

Beinir skattar voru áætlaðir í fjárlögum alls um 25,0 milljarður króna. Innheimta ársins nam hins vegar um 27,0 milljörðum króna sem er tæplega 2,0 milljörðum króna hærri fjárhæð en áætlað var. Hér er aðallega um að ræða vanáætlun í tekjusköttum einstaklinga, en þeir voru tæpum 1,4 milljörðum króna eða 8,2% meiri en fjárlög áætluðu. Skýringin á þessu liggur fyrst og fremst í meiri aukningu launatekna en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Af öðrum beinum sköttum má nefna að eignarskattar fyrirtækja urðu rúmum 300 milljónum króna meiri en fjárlög áætluðu og tekjuskattar fyrirtækja urðu um 200 milljónum króna meiri vegna betri afkomu fyrirtækja á árinu 1996 en búist var við.

Tekjur af óbeinum sköttum urðu um 3,0 milljörðum króna meiri en áætlað var fjárlögum. Um 1,2 milljarðar króna af þessu fráviki eiga sér stað í virðisaukaskatti og um 897 milljónir í innflutnings- og vörugjöldum. Þá voru tekjur af tryggingagjaldi 601 milljón króna meiri en fjárlög áætluðu og tekjur af bifreiðasköttum 489 milljónum króna meiri. Hér er fyrst og fremst um að ræða áhrif af meiri tekjubreytingum og innflutningi en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Að lokum er rétt að geta þess að arðgreiðslur voru um 734 milljónum króna meiri en áætlað var. Meginskýringin á þessu felst í arðgreiðslu til ríkissjóðs að fjárhæð um 811 milljónir króna vegna breytingu á rekstrarformi Íslenskra aðalverktaka, en fyrirtækinu var breytt í hlutafélag.

## Samanburður við árið 1996

Tekjur ríkissjóðs námu sem áður segir 132,0 milljörðum króna á síðasta ári. Á árinu 1996 nam samsvarandi fjárhæð 127,7 milljörðum króna. Ríkissjóðstekjur jukust þannig um 4,3 milljarða króna milli ára eða sem nemur 3,3% hlutfallslega.

**Tafla 11. Tekjur ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár**

| | Útkoma 1997 | Útkoma 1996 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjuskattur einstaklinga | 18.149 | 21.353 | (3.204) | (15,0) |
| Tekjuskattur lögaðila | 4.752 | 4.193 | 559 | 13,3 |
| Eignarskattar einstaklinga | 1.637 | 1.636 | 1 | 0,1 |
| Eignarskattar lögaðila | 2.027 | 1.719 | 308 | 17,9 |
| Aðrir beinir skattar | 479 | 461 | 18 | 3,8 |
| Beinir skattar | 27.043 | 29.362 | (2.319) | (7,9) |
| Innflutnings og vörugjöld | 15.151 | 15.181 | (30) | (0,2) |
| Virðisaukaskattur | 49.720 | 45.692 | 4.028 | 8,8 |
| Skattar af einkasöluvörum | 6.945 | 7.266 | (321) | (4,4) |
| Bifreiðaskattar | 5.124 | 4.551 | 573 | 12,6 |
| Þinglýsingar- og stimpilgjöld | 2.752 | 2.453 | 299 | 12,2 |
| Tryggingagjald | 14.786 | 13.569 | 1.217 | 9,0 |
| Aðrir óbeinir skattar | 1.371 | 1.442 | (72) | (5,0) |
| Óbeinir skattar | 95.850 | 90.154 | 5.696 | 6,3 |
| Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur | 4.838 | 5.122 | (285) | (5,6) |
| Arðgreiðslur | 3.159 | 2.505 | 654 | 26,1 |
| Fjármunatekjur alls | 7.996 | 7.627 | 369 | 4,8 |
| Sala eigna | 619 | 246 | 373 | 151,5 |
| Ýmsar tekjur | 481 | 346 | 135 | 39,1 |
| Aðrar tekjur | 1.100 | 592 | 508 | 85,8 |
| Tekjur samtals | 131.989 | 127.735 | 4.254 | 3,3 |

Beinir skattar lækkuðu um 2,3 milljarða króna eða 7,9% milli ára. Þetta frávik kemur að langstærstum hluta fram í tekjusköttum einstaklinga eins og sjá má í framangreindri töflu. Ef hins vegar er leiðrétt fyrir tekjuáhrifum af flutningi grunnskólans frá ríkinu yfir til sveitarfélaga á árinu 1996 hafa tekjuskattar einstaklinga aukist um 2,4 milljarða króna eða 15,2%. Samkvæmt staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra jukust launagreiðslur um 8,4% milli áranna 1996 og 1997.

Af öðrum beinum sköttum má nefna að tekjuskattar fyrirtækja jukust um 559 milljónir króna eða 13,3% vegna bættrar afkomu fyrirtækja á árinu 1996. Þá jukust eignarskattar lögaðila um 308 milljónir króna vegna hærri álagningar og bættrar innheimtu.

Óbeinir skattar jukust um 5,7 milljarða króna eða sem nemur 6,3%. Þessi aukning kemur að langstærstum hluta fram í tekjum af virðisaukaskatti, en þær jukust um 4,0 milljarða eða 8,8% milli ára. Hér er bæði um að ræða aukinn virðisaukaskatt af innlendri veltu og innflutningi ásamt verulega

bættum skilum á skattinum. Tekjur af tryggingagjaldi jukust um 1,2 milljarða króna eða 9,0% vegna aukinna launatekna. Þá má nefna að tekjur af bifreiðasköttum jukust um 573 milljónir króna eða 12,6%.

Af öðrum tekjum má nefna að arðgreiðslur jukust um 654 milljónir króna og tekjur af sölu eigna um 373 milljónir. Aukning arðgreiðsla á sér fyrst og fremst rætur í formbreytingu Íslenskra aðalverktaka eins og áður hefur verið fjallað um. Á hinn bóginn drógust arðgreiðslur Seðlabanka talsvert saman milli ára vegna lakari afkomu bankans á árinu 1996 samanborið við 1995. Auknar tekjur af sölu eigna skýrast m.a. af sölu á hluta úr landi Vífilsstaða og sölu fasteigna í eigu ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs jukust um rúma 2,0 milljarða króna eða 1,6% að raungildi milli ára.

***Tafla 12. Tekjur ríkissjóðs á föstu verðlagi***

| | Útkoma 1997 | Framreikn. 1996 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Beinir skattar | 27.043 | 30.634 | (3.590) | (11,7) |
| Óbeinir skattar | 95.850 | 90.961 | 4.889 | 5,4 |
| Fjármunatekjur | 7.996 | 7.765 | 231 | 3,0 |
| Aðrar tekjur | 1.100 | 603 | 497 | 82,5 |
| Tekjur samtals | 131.989 | 129.962 | 2.028 | 1,6 |

Beinir skattar lækkuðu um 3,6 milljarða króna eða 11,7%. Ef leiðrétt er fyrir breytingum á skatttekjum ríkissjóðs vegna flutnings á rekstri grunnskólans yfir til sveitarfélaganna hafa tekjur af beinum sköttum aukist um 2,0 milljarða króna eða sem nemur 8,0%.

Óbeinir skattar jukust um 4,9 milljarða króna eða 5,4% á föstu verðlagi. Af einstökum liðum jukust tekjur af virðisaukaskatti um 4,1 milljarð króna eða 8,9%. Tekjur af af tryggingagjaldi jukust um 483 milljónir króna eða 3,4% og tekjur af bifreiðasköttum um 491 milljón eða 10,6%. Á hinn bóginn voru skattar af einkasöluvörum 452 milljónum króna eða 6,1% minni að raungildi á árinu 1997 samanborið við árið 1996.

## Útgjöld almannatrygginga

Ríkisendurskoðun hefur tekið saman yfirlit um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga árin 1996 og 1997. Árið 1997 námu greiðslurnar um 30,0 milljörðum króna sem er tæplega 750 milljónum króna lægri fjárhæð að raunvirði en á árinu 1996. Lækkun greiðslna skýrist nær alfarið af breyttu greiðslufyrirkomulagi vegna kostnaðar við rannsóknir hjá sjúkrahúsum- og heilsugæslustöðvum. Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar að upphæð 970 milljónir króna fluttar af sjúkratryggingum yfir á sérstakan fjárlagalið til dreifingar innan ársins til sjúkra- og heilsugæslustofnana vegna þessara viðfangsefna. Að teknu tilliti til þessa jukust greiðslur almannatrygginga um 224 milljónir króna milli ára eða sem nemur 0,7% að raungildi.

***Tafla 13. Útgjöld vegna almannatrygginga 1996 og 1997***

| Í m.kr. á verðlagi 1997 | Greitt 1997 | Greitt 1996 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyristryggingar | 18.840 | 18.678 | 162 | 0,9 |
| Sjúkratryggingar | 10.703 | 11.592 | (889) | (7,7) |
| Slysatryggingar | 458 | 476 | (19) | (3,9) |
| Almannatryggingar alls | 30.001 | 30.747 | (746) | (2,4) |

Lífeyristryggingar eru stærsti útgjaldaflokkur almannatrygginga. Útgjöld vegna þeirra á árinu 1997 námu 14,8 milljörðum króna og höfðu þá hækkað um 72 m.kr. eða 0,5% frá fyrra ári. Raungildishækkun lífeyristrygginga skýrist fyrst og fremst af fjölgun bótaþega.

***Tafla 14. Útgjöld vegna lífeyristrygginga 1996 og 1997***

| Í m.kr. á verðlagi 1997 | Greitt 1997 | Framr. 1996 | Raun breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyrisgreiðslur | 5.216 | 5.065 | 151 | 3,0 |
| Tekjutrygging | 7.330 | 7.437 | (107) | (1,4) |
| Örorkustyrkur | 196 | 196 | (1) | (0,3) |
| Barnalífeyrir | 770 | 731 | 38 | 5,2 |
| Fæðingarorlof | 1.285 | 1.298 | (13) | (1,0) |
| Annað | 29 | 26 | 3 | 11,1 |
| | 14.825 | 14.753 | 72 | 0,5 |

Útgjöld vegna félagslegra bóta námu alls um 4,0 milljörðum króna og jukust um 87 milljónir króna eða 2,2% frá árinu 1996. Eins og sjá má í neðangreindri töflu á hækkunin sér aðallega stað í sérstakri heimilisuppbót, en það skýrist af tilflutningi milli bótaflokka.

***Tafla 15. Útgjöld vegna félagslegra bóta 1996 og 1997***

| Í m.kr. á verðlagi 1997 | Greitt 1997 | Framr. 1996 | Raun breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Mæðra- og feðralaun | 168 | 162 | 6 | 3,5 |
| Umönnunarbætur | 331 | 397 | (66) | (16,7) |
| Makabætur | 29 | 32 | (2) | (7,6) |
| Ekkju og ekkilsbætur | 71 | 77 | (6) | (7,5) |
| Endurhæfingarlífeyrir | 134 | 109 | 25 | 22,7 |
| Barnalífeyrir v/menntunar | 46 | 45 | 1 | 2,0 |
| Heimilsuppbót | 1.194 | 977 | 217 | 22,2 |
| Sérstök heimilisuppbót | 135 | 155 | (20) | (12,9) |
| Uppbætur | 1.748 | 1.894 | (146) | (7,7) |
| Bílakaupastyrkur | 91 | 78 | 13 | 16,5 |
| Umönnunargreiðslur | 70 | 0 | 70 | - |
| Sértekjur | (3) | 0 | (3) | - |
| | 4.012 | 3.925 | 87 | 2,2 |

Útgjöld vegna sjúkratrygginga námu um 10,7 milljörðum króna og lækkuðu um 889 m.kr. eða 7,7% á milli áranna 1996 og 1997. Ef hins vegar er leiðrétt fyrir áðurnefndum tilflutningi fjárheimilda vegna verkgreiðslna til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva jukust greiðslur sjúkratrygginga um 81 milljón króna eða sem nemur 0,7% milli ára.

**_Tafla 16. Útgjöld vegna sjúkratrygginga 1996 og 1997_**

| Í m.kr. á verðlagi 1997 | Greitt 1997 | Framr. 1996 | Raun breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Langlega, dagvist, daggjöld | 2.906 | 2.764 | 142 | 5,1 |
| Hjálpartæki | 620 | 635 | (15) | (2,3) |
| Sjúkrakostnaður erlendis | 283 | 417 | (135) | (32,3) |
| Læknakostnaður | 1.759 | 1.819 | (60) | (3,3) |
| Tannlækningar | 778 | 835 | (57) | (6,8) |
| Sjúkrakostnaður, innlendur | 176 | 1.125 | (949) | (84,4) |
| Lyf | 3.657 | 3.781 | (124) | (3,3) |
| Annað | 780 | 704 | 75 | 10,7 |
| Sértekjur | (255) | (487) | 232 | (47,7) |
| | 10.703 | 11.592 | (889) | (7,7) |

Útgjöld vegna slysatrygginga námu 458 milljónum króna á árinu 1997 í samanburði við 468 milljónir króna á árinu áður. Þannig lækkuðu útgjöld slysatrygginga að raunvirði um 19 milljónir króna milli ára eða sem nemur um 3,9%.

**_Tafla 17. Útgjöld vegna slysatrygginga 1996 og 1997_**

| Í m.kr. á verðlagi 1997 | Greitt 1997 | Greitt 1996 | Framr. 1996 | Raun breyt. | % |
|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnendur bifreiða | 37 | 60 | 61 | (24) | (40,1) |
| Launþegar, sjómenn | 172 | 179 | 182 | (10) | (5,6) |
| Launþegar, aðrir en sjómenn | 105 | 110 | 112 | (7) | (6,1) |
| Bændur, makar þeirra og börn | 20 | 18 | 18 | 2 | 9,1 |
| Sjúklingatryggingar | 9 | 9 | 9 | 0 | (4,0) |
| Annað | 124 | 109 | 111 | 13 | 12,1 |
| Sértekjur | (9) | (17) | (17) | 8 | (47,4) |
| | 458 | 468 | 477 | (19) | (3,9) |

## Framkvæmd lánsfjárlaga

Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1997 var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs veitt heimild til að taka lán að fjárhæð allt að 12,5 milljarða króna á árinu 1997. Af heildarlántökum var fjármálaráðherra heimilt skv. 3. gr. að endurlána tæpa 6,0 milljarða króna.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1997 nam 22,7 milljörðum króna eins og neðangreind tafla sýnir. Lánsfjárþörfinni var mætt með lántökum innanlands og erlendis að fjárhæð 22,5 milljarðar króna. Handbært fé lækkaði um 225 milljónir. Af heildarlántökum voru 7,4 milljarðar í reynd skuldbreytingar vegna títtnefndrar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs. Þá voru um 2,6 milljarðar króna vegna lánveitingar til Byggingasjóðs ríkisins. Að öllu samanlögðu voru lántökur ársins því í samræmi við heimildir.

***Tafla 18. Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs***

| | Greitt 1997 | Fjárheim. 1997 | Fjárlög 1997 | Greitt 1996 |
|---|---|---|---|---|
| Vegna rekstrar | (1.236) | 1.848 | (124) | 11.994 |
| Hluta- og stofnfjárframlög | 83 | 150 | 400 | 208 |
| Viðskiptareikningar | 1.249 | 400 | 400 | 546 |
| Afborganir nettó | 13.750 | 10.704 | 5.780 | 21.054 |
| Lánveitingar | 8.879 | 9.400 | 5.990 | 8.234 |
| Lánsfjárþörf A-hluta | 22.725 | 22.502 | 12.446 | 42.036 |

Í lok síðasta árs hafði verið veittur alls 6,1 milljarður króna í nýjar lánveitingar hjá endurlánum ríkissjóðs, en auk þess hafði verið skuldbreytt eldri lánum að fjárhæð um 5,0 milljarðar króna. Af nýjum lánum voru um 5,5 milljarðar króna vegna lánveitinga í tengslum við 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1997. Skiptist sú fjárhæð sem hér segir:

### *Tafla 19. Endurlán ríkissjóðs á grundvelli 3. gr. lánsfjárlaga*

| Í m.kr. | Heimild | Afgreitt | Mism. | Nýting |
|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður ísl. námsmanna | 3.800 | 3.700 | (100) | 97,3% |
| Þróunarsjóður sjávarútvegsins | 130 | 0 | (130) | 0,0% |
| Flugstöð Leifs Eiríkssonar | 1.420 | 1.608 | 188 | 113,2% |
| Alþjóðaflugþjónustan | 100 | 200 | (100) | 200,0% |
| Bæjarveitur Vestmannaeyja | 33 | 0 | (33) | 0,0% |
| Iðnaðarsvæði á Grundartanga | 500 | 0 | (500) | 0,0% |
| | 5.983 | 5.508 | (475) | 92,0% |

# Ársverk og launakostnaður

## Ársverk

Ársverkum hjá þeim stofnunum í A-hluta ríkissjóðs sem starfsmanna-skrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launagreiðslur fyrir fækkaði um alls 2.227 eða 12,7% milli áranna 1996 og 1997. Heildarfjöldi reiknaðra ársverka var 15.266 á árinu 1997 samanborið við 17.493 árið á undan. Ef hins vegar er leiðrétt fyrir flutningi á rekstri grunnskólans frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna þann 1. ágúst árinu 1996 stóðu ársverk því sem næst í stað milli ára.

***Tafla 20. Reiknuð ársverk hjá A-hluta ríkisstofnunum***

| | | Ársverk 1997 | | | Breyting frá 1996 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Dagv. | Yfirv. | Alls | Dagv. | Yfirv. | Alls |
| Æðsta stjórn ríkisins | 254 | 48 | 301 | 1 | (1) | 0 |
| Forsætisráðuneyti | 33 | 11 | 44 | (13) | (2) | (15) |
| Menntamálaráðuneyti | 3.183 | 813 | 3.996 | (1.887) | (264) | (2.151) |
| Utanríkisráðuneyti | 190 | 47 | 237 | 5 | 1 | 6 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 407 | 87 | 494 | (2) | 2 | 0 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 335 | 125 | 460 | (4) | (11) | (16) |
| Dóms- og kirkjumrn. | 1.652 | 485 | 2.137 | 14 | 0 | 14 |
| Félagsmálaráðuneyti | 934 | 172 | 1.106 | (66) | (8) | (74) |
| Heilbr.- og tryggingamrn. | 3.297 | 556 | 3.853 | 0 | 6 | 6 |
| Fjármálaráðuneyti | 593 | 136 | 729 | (4) | 5 | 1 |
| Samgönguráðuneyti | 779 | 265 | 1.044 | 7 | (22) | (15) |
| Iðnaðarráðuneyti | 231 | 77 | 308 | (9) | (4) | (13) |
| Viðskiptaráðuneyti | 66 | 26 | 92 | 2 | 3 | 5 |
| Hagstofa Íslands | 61 | 11 | 72 | 3 | (3) | 0 |
| Umhverfisráðuneyti | 307 | 87 | 395 | 18 | 6 | 24 |
| Samtals A-hluti | 12.321 | 2.946 | 15.266 | (1.934) | (293) | (2.227) |
| Leiðr. v/flutn. grunnskólans | | | | 1.955 | 285 | 2.240 |
| A-hluti án áhrifa verkfalls | 12.321 | 2.946 | 15.266 | 21 | (8) | 13 |

Áhrif kennaraverkfallsins koma vel fram í framangreindri töflu, en ársverkum hjá menntamálaráðuneyti fækkaði um alls 2.151 milli ára. Ef áhrif þessa eru hins vegar dregin út hefur ársverkum hjá ráðuneytinu

fjölgað um 89 eða um 2,2%. Breytingar hjá öðrum ráðuneytum eru óverulegar.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 var áætlað að ársverkum ríkisstofnana myndi fjölda um 0,5% milli áranna 1996 og 1997 að teknu tilliti til áhrifa af flutningi á rekstri grunnskólans. Þessi hlutfallsaukning samsvarar rétt liðlega 100 ársverkum. Niðurstaða ársins er eins og áður segir sú að ársverkafjöldi stendur því sem næst í stað milli ára.

## Launaútgjöld

Launaútgjöld stofnana í A-hluta, sem starfsmannaskrifstofa fjármála-ráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir, námu alls um 31,0 milljarði króna á árinu 1997. Samsvarandi fjárhæð nam um 29,4 milljörðum króna á árinu 1996 að frádregnum launakostnaði vegna grunnskólanna. Þannig hækkuðu launaútgjöld um rúmar 500 milljónir króna milli ára eða sem nemur 1,8% hlutfallslega.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam breyting á dagvinnu-launum ríkisstarfsmanna um 4,7% milli áranna 1996 og 1997. Að teknu tilliti til þessa hækkuðu launaútgjöld A-hluta ríkissjóðs um 0,5% að raungildi á síðasta ári.

# Viðauki 1

**Stofnanir og fjárlagaliðir sem fóru 7. m.kr. eða meira yfir fjárheimild (m.kr.)***

| | | 1997 | 1996 | 1995 | 1994 |
|---|---|---|---|---|---|
| 02 201 | Háskóli Íslands | 85.360 | 47.770 | | |
| 02 211 | Tækniskóli Íslands | 29.931 | 15.955 | | |
| 02 223 | Rannsóknastofnun uppeldismála | 11.100 | | | |
| 02 302 | Menntaskólinn á Akureyri | 19.704 | 9.600 | | |
| 02 303 | Menntaskólinn á Laugarvatni | 13.714 | 10.759 | | |
| 02 305 | Menntaskólinn við Sund | 9.025 | | | |
| 02 308 | Menntaskólinn í Kópavogi | 33.726 | 10.263 | | |
| 02 350 | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 24.441 | | | |
| 02 352 | Flensborgarskóli | 16.646 | 10.621 | | |
| 02 359 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | 29.020 | 11.407 | | |
| 02 360 | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 10.009 | | | |
| 02 365 | Borgarholtsskóli | 14.150 | | | |
| 02 507 | Stýrimannaskólinn í Reykjavík | 7.589 | | | |
| 02 884 | Jöfnun á námskostnaði | 14.912 | 21.400 | 7.595 | 7.831 |
| 02 903 | Þjóðskjalasafn Íslands | 8.952 | 9.229 | | |
| 02 981 | Kvikmyndasjóður | 25.369 | 19.924 | | |
| 04 221 | Veiðimálastofnun | 11.197 | | | |
| 04 233 | Yfirdýralæknir | 28.904 | 7.378 | | |
| 04 261 | Bændaskólinn á Hvanneyri | 15.466 | | | |
| 04 271 | Bændaskólinn á Hólum | 7.543 | 19.486 | 7.174 | |
| 04 321 | Skógrækt ríkisins | 10.485 | | | |
| 06 101 | Dóms-og kirkjumálaráðun. | 20.441 | | | |
| 06 232 | Opinber réttaraðstoð | 13.075 | | | |
| 06 302 | Rannsóknarlögregla ríkisins | 22.315 | 10.041 | | |
| 06 311 | Lögreglustjórinn í Reykjavík | 42.874 | | | |
| 06 412 | Sýslumaðurinn á Akranesi | 26.149 | 19.077 | 16.160 | 17.587 |
| 06 424 | Sýslumaðurinn á Akureyri | 9.743 | | | |
| 06 433 | Sýslumaðurinn á Selfossi | 9.453 | | | |
| 06 434 | Sýslumaðurinn í Keflavík | 10.056 | 7.608 | | |
| 06 701 | Biskup Íslands | 27.324 | | | |
| 07 701 | Málefni fatlaðra, Reykjavík | 22.580 | 13.768 | 10.130 | |
| 07 711 | Styrktarfélag vangefinna | 12.467 | 11.681 | | |
| 08 206 | Sjúkratryggingar | 63.900 | 112.000 | 107.080 | 54.098 |
| 08 208 | Slysatryggingar | 30.000 | | | |
| 08 301 | Landlæknir | 12.213 | 10.130 | | |
| 08 324 | Heyrnar- og talmeinastöð Íslands | 10.561 | | | |
| 08 381 | Sjúkrahús og læknisbústað | 32.583 | | | |
| 08 385 | Framkvæmdasjóður aldraðra | 22.008 | | | |
| 08 500 | Heilsugæslustöðvar, almennt | 33.178 | | | |
| 08 510 | Heilsuverndarstöðin í Reykjavík | 27.631 | 11.741 | | 12.992 |
| 08 511 | Heilsugæsla í Rvík, Austurb. nyrðra | 15.030 | | | |
| 08 512 | Heilsugæsla í Rvík, Austurb. syðra | 19.971 | 7.311 | | |
| 08 582 | Heilsugæslustöðin Hafnarfirði | 10.132 | 10.325 | | |
| 09 251 | Gjaldheimtan í Reykjavík | 8.773 | | | |
| 09 481 | Útgjöld samkvæmt heimildarákv. | 25.413 | | | |
| 10 512 | Póst- og fjarskiptastofnun | 22.722 | | | |
| 12 302 | Löggildingarstofa | 7.392 | | | |
| 14 205 | Náttúruvernd ríkisins | 9.772 | | | |
| 14 401 | Náttúrufræðistofnun Íslands | 30.792 | 7.012 | | |

*Einungis eru birt umframútgjöld á fyrri árum í þeim tilfellum þar sem þau eru yfir 7 m.kr.

# Viðauki 2

**Stofnanir og fjárlagaliðir sem áttu ónýtta fjárheimild að fjárhæð 7. m.kr. eða meira (m.kr.)***

| | | 1997 | 1996 | 1995 | 1994 |
|---|---|---|---|---|---|
| 00 510 | Bessastaðir | 28.886 | | | |
| 01 190 | Ýmis verkefni | 28.140 | | | |
| 01 201 | Fasteignir forsætisráðuneytisins | 27.121 | | | |
| 01 231 | Norræna ráðherranefndin | 8.350 | 9.548 | | |
| 01 901 | Húsameistari ríkisins | 21.677 | | | |
| 02 269 | Háskóla-og vísindast., viðh. og stofnk. | 17.852 | 16.880 | | |
| 02 299 | Háskóla- og rannsóknastarfsemi | 9.280 | 9.536 | 8.261 | |
| 02 318 | Framhaldsskólar, viðhald og stofnk. | 176.303 | 130.027 | 311.944 | 93.937 |
| 02 319 | Framhaldsskólar, almennt | 40.072 | 39.963 | 43.591 | 41.761 |
| 02 720 | Grunnskólar, almennt | 15.767 | 127.274 | 17.320 | 23.422 |
| 02 750 | Skólar fyrir fatlaða | 11.210 | | | |
| 02 902 | Þjóðminjasafn Íslands | 8.617 | | | |
| 02 950 | Rekstrarhagræðing | 24.435 | | | |
| 02 969 | Menningarstofnanir, viðhald og stofnk. | 170.844 | 143.521 | | |
| 02 978 | Listasjóðir | 71.930 | 70.554 | 52.405 | 44.889 |
| 02 979 | Húsafriðunarsjóður | 15.083 | 14.249 | | |
| 02 982 | Listir, framlög | 18.499 | 30.502 | 9.623 | |
| 02 985 | Alþjóðleg samskipti | 14.829 | 18.944 | | |
| 03 190 | Ýmis verkefni | 20.650 | | | |
| 03 310 | Sendiráð Íslands í Brussel | 15.659 | | | |
| 03 320 | Sendiráð, almennt | 89.099 | | | |
| 03 391 | Þróunarmál og alþjóðl. hjálparst. | 68.966 | 165.086 | 81.469 | 53.071 |
| 03 401 | Alþjóðastofnanir | 68.774 | 105.181 | 104.545 | 50.588 |
| 04 801 | Greiðslur vegna mjólkurframl. | 23.716 | 33.195 | 16.453 | 8.723 |
| 04 805 | Greiðslur vegna sauðfjárframl. | 19.518 | | | |
| 04 851 | Greiðslur vegna riðuveiki | 12.021 | 21.586 | 23.022 | 27.938 |
| 05 190 | Ýmis verkefni | 51.633 | 38.810 | 46.877 | 26.180 |
| 05 202 | Hafrannsóknastofnunin | 14.386 | 24.984 | 14.239 | |
| 05 204 | Fiskistofa | 49.343 | | | |
| 06 102 | Stjórnartíðindi | 18.630 | 9.006 | 8.744 | |
| 06 103 | Lagasafn | 9.330 | 9.207 | | |
| 06 190 | Ýmis verkefni | 29.277 | 18.470 | | |
| 06 218 | Héraðsdómur Reykjaness | 10.862 | 9.722 | | |
| 06 235 | Bætur brotaþola | 11.496 | 28.927 | | |
| 06 395 | Landhelgisgæsla Íslands | 45.973 | 11.544 | 37.473 | 67.649 |
| 06 397 | Schengen samstarf | 16.400 | | | |
| 06 436 | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 15.243 | 13.222 | | 8.195 |
| 06 950 | Rekstrarhagræðing | 28.000 | | | |
| 07 101 | Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifst. | 19.231 | 11.661 | 12.323 | 14.987 |
| 07 321 | Brunamálastofnun ríkisins | 81.025 | 47.403 | 32.687 | 22.904 |
| 07 331 | Vinnueftirlit ríkisins | 13.269 | | | |
| 07 400 | Málefni barna og ungmenna | 9.867 | | | |
| 07 700 | Málefni fatlaðra | 41.610 | | | |
| 07 795 | Framkvæmdasjóður fatlaðra | 34.114 | 32.496 | 81.078 | 75.781 |
| 07 950 | Rekstrarhagræðing | 11.946 | 7.286 | 9.321 | |
| 07 980 | Vinnumálastofnun | 8.537 | | | |
| 07 981 | Vinnumál | 55.723 | 46.700 | 33.984 | 9.444 |
| 07 982 | Ábyrgðasjóður launa | 115.000 | 52.728 | 74.691 | 158.604 |
| 07 999 | Félagsmál, ýmis starfsemi | 56.529 | 20.731 | 21.124 | 17.305 |
| 08 203 | Bætur skv. lögum um félagsl. aðstoð | 151.000 | | | |
| 08 204 | Lífeyristryggingar | 80.000 | 200.000 | 20.000 | 81.000 |
| 08 214 | Eftirlaunasjóður aldraðra | 50.000 | | | |

| | | 1997 | 1996 | 1995 | 1994 |
|---|---|---|---|---|---|
| 08 340 | Málefni fatlaðra | 9.472 | | | |
| 08 371 | Ríkisspítalar | 34.022 | | | |
| 08 375 | Sjúkrahús Reykjavíkur | 57.815 | | | |
| 08 379 | Sjúkrahús, óskipt | 200.000 | | | |
| 08 395 | Lyfjaeftirlit ríkisins | 7.009 | | | |
| 08 396 | Lyfjanefnd | 11.120 | 7.080 | 8.513 | 7.632 |
| 08 399 | Heilbrigðismál, ýmis starfsemi | 15.367 | 10.458 | 15.154 | 17.695 |
| 08 621 | Forvarnasjóður | 11.416 | 12.825 | | |
| 09 199 | Ráðstöfunarfé | 9.627 | | | |
| 09 212 | Skattamál, ýmis útgjöld | 10.066 | 38.996 | 37.438 | 40.098 |
| 09 214 | Yfirskattanefnd | 7.381 | | | |
| 09 801 | Ýmis lán ríkissjóðs, vextir | 591.777 | 68.059 | 190.208 | 445.503 |
| 09 950 | Rekstrarhagræðing | 20.100 | | | |
| 09 971 | Ríkisábyrgðir og tjónabætur | 221.441 | 159.675 | 166.040 | 239.508 |
| 09 981 | Ýmsar fasteignir ríkissjóðs | 49.688 | 60.242 | 64.138 | 90.939 |
| 09 990 | Ríkisstjórnarákvarðanir | 18.077 | | | |
| 09 995 | Skýrsluvélakostnaður | 80.618 | 109.733 | 85.477 | 58.124 |
| 09 999 | Ýmis verkefni | 94.635 | 23.451 | 20.920 | 44.023 |
| 10 101 | Samgönguráðuneyti, aðalsk. | 8.436 | | | |
| 10 190 | Ýmis verkefni | 98.490 | 45.743 | 40.418 | 17.530 |
| 10 211 | Vegagerðin | 175.000 | 32.498 | | |
| 10 335 | Siglingastofnun Íslands | 34.928 | | | |
| 10 471 | Flugmálastjórn | 12.146 | | | |
| 10 511 | Fjarskiptaeftirlit ríkisins | 10.198 | 8.613 | | |
| 11 102 | Einkaleyfastofan | 25.862 | 10.782 | | |
| 11 240 | Iðnaðarrannsóknir | 7.949 | | | |
| 11 299 | Iðja og iðnaður, framlög | 14.140 | 15.209 | 26.716 | 23.252 |
| 11 301 | Orkustofnun | 9.824 | | | |
| 14 281 | Styrkir til fráveitna sveitarfélaga | 48.976 | 25.090 | | |
| 14 285 | Spilliefnasjóður | 16.975 | | | |

*Einungis eru birtar óhafnar fjárheimildir á fyrri árum í þeim tilfellum þar sem þær eru yfir 7 m.kr.